

Ed.

446. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefur borizt umsókn frá Jostein Sölvberg, verkstjóra á Hjalteyri, fæddum í Noregi, um að honum verði veittur ísl. ríkisborgararéttur, og eftir að hafa athugað gögn þau, er umsókninni fylgja, mælir nefndin með því, að manni þessum verði veittur ríkisborgararéttur hér á landi.

Nefndin hefur ekkert að athuga við frv. eins og það var samþ. í neðri deild og leggur því til, að það verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 7. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:

8. Sölvberg, Jostein, verkstjóri á Hjalteyri, fæddur í Noregi.
(Liðatalan breytist þessu samkvæmt.)

Alþingi, 18. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gíslason,
frsm.